

Stjórnarfundur USVH mánudagur 3. desember 2024

Staðfundur kl. 17:00

Mætt eru: Sveinbjörg, Halldór, Ómar og Anton, framkvæmdastjóri USVH.

### 1. Dagatal

Fjölmargt myndefni hefur borist vegna fyrirhugaðrar útgáfu á dagatali. Stjórn þakkar fyrir góð viðbrögð.

Stjórn hefur unnið að því undanfarið að hafa samband við fyrirtæki varðandi kaup á auglýsingu á dagatalinu. Rætt um að klára listann fyrir lok vikunnar.

### 2. Íþróttamaður ársins

Óskað var eftir tilnefningum til íþróttamanns ársins í gegnum heimasíðu USVH, á samfélagsmiðlum og í tölvupósti til aðildarfélaga með fresti til 2. desember sl. Samþykkt að framlengja frestinn til 14. desember nk. og auglýsa aftur.

### 3. Annað

Rætt um að vera með formlega athöfn vegna tilnefningu á íþróttamanni ársins.

Framkvæmdastjóra og formanni falið að skoða leiðir til að vekja athygli á þessum mikilvæga viðburði og leggja fram tillögur fyrir stjórn til frekari úrvinnslu.

Gjaldkeri fór yfir breyttar úthlutunarreglur vegna lottóúthlutunar á vegum UMFÍ og lýsti áhyggjum yfir úthlutun eftir nýju reglunum sem koma til með að hafa áhrif til lækkunar á tekjustreymi sambandsins.

Fundi slitið kl. 18.07.